

Miðvikudaginn 17. marz 1971.

Nr. 3/1970. **Farmanna- og fiskimannasamband Íslands
f. h. Stýrimannafélags Íslands**

(Jón Þorsteinsson hdl.)

gegn

Vinnuveitendasambandi Íslands f. h.

H/f Eimskipafélags Íslands

(Björgvin Sigurðsson hrl.).

Dómarar:

**Hákon Guðmundsson, Gunnlaugur E. Briem, Einar Arnalds,
Ragnar Ólafsson og Guðmundur Vignir Jónsson.**

Skýrt ákvæði gerðardóms um fjárhæð slystryggingar-
skyldu skipafélags.

Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 16. nóv. f. á., af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands f. h. Stýrimannafélags Íslands gegn Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. H/f Eimskipafélags Íslands.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að dæmt verði, að yfir tímabilið 16. júní til 30. október 1967 hafi H/f Eimskipafélagi Íslands borið að tryggja stýrimenn sína gegn öllum slysum, er þeir urðu fyrir, hvort heldur um borð eða í landi, fyrir fjárhæð, er nemi kr. 600.000.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Hinn 3. september 1965 var gerður kjarasamningur milli H/f Eimskipafélags Íslands o. fl. skipafélaga annars vegar og Stýrimannafélags Íslands hins vegar. Þessum kjarasamn-

ingi sagði Stýrimannafélag Íslands upp haustið 1966 og voru samningar „lausir“ fram á vor 1967. Hinn 27. maí 1967 hófst verkfall af hálfu stýrimannafélagsins í því skyni að knýja fram nýja kjarasamninga.

Því verkfalli lauk svo, að hinn 16. júní 1967 voru sett bráðabirgðalög nr. 63/1967. Lög þessi lögðu hann við framhaldi verkfalls þess, er stýrimannafélagið hafði hafið. Jafnframt var kveðið svo á, að gerðardómur, sem Hæstiréttur nefndi, skyldi ákveða kaup og kjör stýrimanna.

Samkvæmt 3. gr. laganna skyldu ákvarðanir gerðardómsins, að því er varðaði greiðslur farskipaeigenda til félaga í þeim starfsmannafélögum, sem hlut áttu að máli, gilda frá gildistöku bráðabirgðalaganna 16. júní 1967, en að öðru leyti átti kjarasamningurinn frá 3. sept. 1965 að gilda þar til gerðardómurinn félli. Loks sagði í 6. gr. laganna, að kjaraákvæði í úrskurði gerðardómsins skyldu gilda frá gildistöku laganna.

Í 3. gr. a kjarasamningsins frá 3. sept. 1965 var svofellt ákvæði:

„a) Útgerðin tryggir stýrimenn sína gegn öllum slysum, er þá kann að henda á meðan þeir eru í þjónustu hennar, hvort heldur þau verða um borð eða í landi.

Upphæð tryggingarinnar skal vera kr. 300.000 — þrjú hundruð þúsund krónur — miðað við dauða og fulla örorku. Upphæðin greiðist aðstandendum hlutaðeigandi stýrimanns, ef hann deyr, en honum sjálfum, ef hann verður óvinnufær að dómi læknis. Trygging þessi skerðir ekki rétt stýrimanns til greiðslu úr lífeyris- og eftirlaunasjóði útgerðarinnar, en kemur hins vegar til frádráttar slysa- eða dánarhótakröfu á hendur útgerðinni með sama hætti og bætur frá Tryggingastofnun ríkisins“.

Ein af kröfum Stýrimannafélags Íslands í nefndri vinnudeilu var sú, að fjárhæð tryggingar þeirrar, sem um ræðir í grein þessari, kr. 300.000, skyldi hækka í kr. 1.000.000.

Gerðardómurinn, sem kveðinn var upp 30. okt 1967, ákvað, að þessi tryggingarfjárhæð skyldi vera kr. 600.000.

Hinn 5. október 1967 slasaðist Kristján Guðmundsson stýrimaður hjá H/f Eimskipafélagi Íslands. Hlaut hann 10%

örorku og átti þannig rétt til bótagreiðslu samkvæmt ákvæðum a-liðar 3. gr. kjarasamningsins frá 1965, sem bráðabirgðalögin frá 16. júní 1967 höfðu lögfest með þeim hætti, er að framan er greint.

En þegar greiðslu var krafizt af hálfu stefnanda kom upp ágreiningur um það, hvort örorkubæturnar ættu að miðast við kr. 300.000, eins og um var samið 1965, eða kr. 600.000, sem gerðardómurinn hafði ákveðið.

Krafðist Stýrimannafélag Íslands greiðslu á kr. 60.000 og byggði þá kröfu sína á því, að ákvæði gerðardómsins um kr. 600.000 tryggingu ætti að gilda frá gildistöku bráðabirgðalaganna, 16. júní 1967, þar sem hér væri um greiðslu að ræða í merkingu 1. mgr. 3. gr. þeirra. En auk þess væri einnig tekið fram í 6. gr. laganna, að kjaraákvæði í úrskurði gerðardómsins ættu að gilda frá gildistöku laganna. Bæri hér því allt að sama brunni um skyldu stefnda til að greiða örorkubætur, er miðaðar væru við 600 þús. króna ákvæði gerðardómsins.

Af hálfu stefnda er því hins vegar haldið fram, að greiðsluskylda hans eigi að miðast við kr. 300.000 tryggingarfjárhæð. Bráðabirgðalögin hafi kveðið svo á, að fyrri kjarasamningur skyldi gilda þar til gerðardómur félli. Undantekning hafi að vísu verið gerð um greiðslur farskipaeigenda til félaga í þeim starfsmannafélögum, sem lögin tóku til, þannig að ákvæði gerðardómsins um þær skyldu vera afturvirk og gilda frá gildistöku bráðabirgðalaganna. Hafi þar verið um að ræða greiðslur, svo sem fast mánaðarkaup, eftirvinnukaup, aldursþækkningar, fæðispeninga og annað því um líkt. Önnur ákvæði hafi hins vegar ekki verið hægt að láta verka aftur fyrir sig, svo sem ákvæðið um tryggingarfjárhæð þá, sem um er deilt í málinu. Stefndi hafi t. d. eigi getað keypt tryggingu, sem hann vissi eigi, hve há skyldi vera. En auk þess verði ákvæði 3. gr. a-liðar kjarasamningsins um tryggingarupphæð þá, er þar greinir, eigi talin greiðsla í merkingu 3. gr. bráðabirgðalaganna. Telur stefndi samkvæmt þessu, að bætur til Kristjáns Guðmundssonar stýrimanns nemi eigi meiru en kr. 30.000.

Með ákvæðum a-liðar 3. gr. kjarasamningsins frá 1965 tók H/f Eimskipafélag Íslands á sig skyldu til þess að greiða

stýrimanni, er starfar í þjónustu félagsins, með þeim hætti, er í nefndri grein segir, allt að kr. 300.000 vegna slyss, sem hann yrði fyrir í starfi sínu. Féll þessi greiðsluskylda undir ákvæði 1. mgr. 3. gr. bráðabirgðalaganna frá 16. júní 1967 um greiðslur, og gildi framangreint ákvæði gerðardómsins um kr. 600.000 tryggingu samkvæmt þessari niðurstöðu því frá gildistöku laganna hinn 16. júní 1967.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að taka dómkröfu stefnanda til greina.

Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð :

Ákvæði framangreinds gerðardóms frá 30. okt. 1967 um kr. 600.000 tryggingu í a-lið 3. gr. kjarasamnings Stýrimannafélags Íslands og H/f Eimskipafélags Íslands gildi frá 16. júní 1967.

Málskostnaður fellur niður.
